

Hverfisnefnd Naustahverfis

76. fundur. 19.4.2017

Mætt; Anna Steinunn Þengilsdóttir, Sigurður Rúnar Sigurðsson, Þórður Snæbjörnsson, Þröstur Heiðar.

Fundargerð ritaði Anna Steinunn Þengilsdóttir.

1. **Gangbrautir:** Gangbrautir sem eru á Kjarnagötu við leikskóla og grunnskóla eru ekki nægilega öruggar að mati nefndarinnar. Það þarf að merkja þær betur og setja lýsingu. Þá er átt við þær þrjár gangbrautir sem eru næstar skólunum.
2. **Innkeyrslur í hverfið:** Hornið á Naustabraut og Miðhúsabraut verið lengi í ólagi og mjög svo ljótt og ófrágengið sem og að planið sunnan við Bónus og kringum gámasvæðið þarfnast einnig lagfæringar. Finnst nefndinni þetta mjög til vansa fyrir hverfið okkar og óásættanlegt að báðar innkeyrslur inn í hverfið séu svo óásjálégar.
3. **Íþróttahúsið við Naustaskóla:** Nefndin veltir fyrir sér notkun á íþróttahúsinu og finnst að það þurfi að vera meira líf í íþróttahúsinu. Þar mætti sjá góða notkun á því til dæmis fyrir Bamdinton og tennis og einnig að íbúar hafi aðgang að salnum á einhverjum forsendum til dæmis foreldrafélög skólanna.
4. **Körfuboltasvæði við Naustaskóla:** Það þarf að lagfæra körfuboltaspjöldin á vellinum þannig að hægt sé að spila körfubolta en eins og spjöldin eru uppsett í dag er það ekki hægt.
5. **Íbúalýðræði:** Formaður kynnti niðurstöður af fundi sem hún sótti fyrir hönd nefndarinnar þann 8. mars s.l. vegna kynningar til fulltrúa hverfisnefnda á tillögum vinnuhóps um íbúalýðræði og gagnsæja stjórnsýslu. Lögð fram fundargerð til kynningar sem kom eftir þann fund.
6. **Fjármagn til framkvæmda:** Nefndin sendi frá sér tillögu að nýtingu fjármagns til framkvæmda í hverfinu fyrir árið 2017. Það eru 2 miljónir til hverfisins á þessu ári og er þetta síðasta árið sem kemur til vegna svokallaðra afmælispeninga frá Akureyrarbæ til hverfanna í bænum. Tillagan var send til Jóns Birgis Gunnlaugssonar verkefnastjóra umhverfismála þann 6. apríl s.l. (sjá fylgiskjal 1.)

Akureyri 5. apríl 2017

Naustahverfi - Fjármagn til framkvæmda árið 2017

Í samráði við starfsmenn umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrar þá Jón Birgi Gunnlaugsson, verkefnastjóra umhverfismála og Þórir Guðmundsson, byggingafræðing að fjármagn til framkvæmda í Naustahverfi árið 2017 fari í lóð Naustaskóla kr 2 miljónir. Óskað er eftir að umhverfis- og mannvirkjaráð ráðstafi þessu fjármagni í lóð skólans í samráði við hverfisnefnd og skólastjóra Naustaskóla og komi þessi fjármögnun þá til viðbóðtar því sem áætlað er að fari í verkið á þessu ári. Formaður nefndarinnar hefur látið skólastjóra vita af þessari ráðstöfun.

Fyrir hönd Hverfisnefndar Naustahverfis; Anna Steinunn Þengilsdóttir formaður